



19.09.2022

Ágæti heilbrigðisstarfsmaður,

Fræðsluefni fyrir Eligard™ (leuprorelinasetat) hefur verið uppfært. Fræðsluefnið er hluti af áætlun um áhættustjórnun fyrir Eligard™ og hefur verið yfirfarið af Lyfjastofnun, en markmiðið er að auka öryggi og tryggja rétta notkun lyfsins.

Í fræðsluefninu, sem ætlað er heilbrigðisstarfsfólki, eru upplýsingar um rétta blöndun og gjöf Eligard™. Markaðsleyfishafa Eligard™ hefur verið breytt úr Astellas Pharma í Recordati og þar af leiðandi hafa samskiptaupplýsingarnar og myndmerki fyrirtækisins verið uppfærð í fræðsluefninu í samræmi við nýjan markaðsleyfishafa. Auk þess hafa leiðbeiningarnar um rétta blöndun og lyfjagjöf Eligard™ verið endurskoðaðar á veggspjaldinu, ásamt því sem litablöndun og útliti þess hefur verið breytt (Leiðbeiningar fyrir undirbúning). Efni veggspjaldsins er þó óbreytt.

Fræðsluefnið samanstendur af:

- Leiðbeiningamyndbandi sem er að finna á www.serlyfjaskra.is og á heimasíðu markaðsleyfishafa www.eligard.nu
- Veggspjaldi (Leiðbeiningar fyrir undirbúning) sem er að finna á www.serlyfjaskra.is
- Samantekt á eiginleikum lyfs sem er að finna á www.serlyfjaskra.is

Það eru vinsamleg tilmæli að eldra Eligard™ veggspjaldi sem var útbúið í mars 2021 (útgáfunúmer: ELI_2020_0003_ABC GÖGNIN ÚTBÚIN: 03-2021) verði fargað.

Viðtakendur þessa fræðsluefnis eru sérfræðingar í krabbameinslækningum, þvagsfæraskurðlæknar, innkirtlasérfræðingar, yfirlæknar deilda sem lyfið er gefið á, framkvæmdarstjóra lækninga á heilbrigðisstofnunum og lyfjafræðingar í sjúkrahúsapotekum. Viðtakendur eru hvattir til að láta aðra heilbrigðisstarfsmenn vita um fræðsluefnið eftir því sem við á.

Öll tilvik varðandi ranga geymslu, útbúnað, blöndun og gjöf Eligard™ eða aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu á að tilkynna til Recordati, customersafety.se@recordati.com og til Lyfjastofnunar á: www.lyfjastofnun.is eða í gegnum vefeyðublað (Tilkynning um aukaverkun) sem er að finna í Sögu.

Með kveðju,
Jamal Belakhdar



Medical Manager
Primary and Specialty Care
Recordati AB
Jan Stenbecks Torg 17
S-16440 Kista, Svíþjóð
Sími: +46 8 545 80 230
Vefsvæði: www.recordati.com